

Mál nr. 323/2022

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V)

Heiti váttryggingar: Ábyrgðartrygging atvinnureksturs.

Nafn váttryggingartaka ábyrgðartryggingar(X)

Skadabótaábyrgð. Þjónusta.

Gögn.

1. Málskot mótttekið 12. október 2022, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 31. október 2022.
3. Viðbótarathugasemdir M, dags. 4. nóvember 2022, ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að þann 13. febrúar 2021 hafi M slasað sig fyrir utan húsnæði X. Á slysdegi hafi verið verulega hvasst og aðalinngangur lokaður. Var viðskiptavinum beint að öðrum inngangi við suðvesturhorn hússins og er M gekk fyrir hornið hafi hún dottið um kantstein sem sást ekki vegna myrkurs, með þeim afleiðingum að hún steypist fram fyrir sig og hlaut áverka á þumal fingri vinstri handar. Á grundvelli þessa krafðist M bóta úr ábyrgðartryggingu X hjá V. V hafnaði kröfunni með bréfi dags. 11. maí 2022. M telur að orsök slyssins megi rekja til óforsvaranlegra aðstæðna á aðkomuleið að húsnæði X. Aðkomuleið sú sem viðskiptavinum var beint að þennan dag hafi verið alveg óupplýst og því hafi verið takmökkuð sýn vegna myrkurs. Vegna þessara aðstæðna hafi M ekki séð kantsteininn sem hún féll um. X hafi borið skylda til þess að grípa til viðeigandi ráðstafana til þess að tryggja að aðkomuleiðin væri nægilega upplýst og örugg, til að koma í veg fyrir slyshættu. Ríkar skyldur hvíli á X sem rekstraraðila heilsulindar sem reki þjónustu fyrir neytendur og laði gagngert til sín viðskiptavini. Eigendur og umráðamenn fasteigna þar sem rekin er verslun eða þjónusta sæti mun strangara mati á saknæmi, þ.e. athafnaskylda þeirra virðist ríkari en eigenda íbúðarhúsnæðis. Vísar M til dómafordæma því til stuðnings. Leggur M áherslu á að slysið hafi átt sér stað þegar myrkur var komið og engin almennileg lýsing var til staðar.

V telur ósannað að óhapp M verði rakið til saknæmrar og ólögmaettrar háttsemi X, starfsmanna hans eða annarra atvika eða aðstæðna sem hann ber ábyrgð á. Kansteinninn og frágangur hans er að engu leyti frábrugðinn því sem gengur og gerist. Ekki hefur verið sýnt fram á að umræddur kantsteinn stangist á við lög eða reglugerðir eða að frágangur við grasbrekkuna sé ábótavant að öðru leyti. Þá hafa engar athugasemdir verið gerðar við þrepið af þar til bærnum aðilum. Gera verði þá kröfu til einstaklinga að þeir kunni fótum sínum forráð og veiti nærumhverfi sínu lágmarks athygli og geti ekki, ef illa tekst til í þeim efnum, sett ábyrgðina yfir á aðra.

Álit.

Ágreiningur þessa máls lýtur að því hvort bótaskylda sé fyrir hendi úr ábyrgðartryggingu X vegna líkamstjóns M. M ber sönnunarbyrðina fyrir því að tjónið megi rekja til saknæmra athafna eða athafnaleysis af hálfu X eða aðila sem hann ber ábyrgð á. Ekki liggja fyrir nein gögn eða vitnaframburðir í málinu sem styðja frásögn M af atvikinu né heldur matsgerð óháðra aðila eða önnur úttekt á aðstæðum á slysstað. Verður því að líta svo á að tjón M verði rakið til óhappatilviljunar, en ekki atvika eða aðstæðna sem X ber skadabótaábyrgð á. M á því ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt til bóta úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 10. janúar 2023.

Sóley Ragnarsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir